

# Fundargerð

6. fundur

Miðvikudaginn 4. október 2006 kom byggðaráð saman til fundar í skrifstofu Langanesbyggðar á Bakkafirði.

Bættir voru: Sigurður R. Kristinsson, Þórir Jónsson og Björn Ingimarsson, sveitarstjóri sem einnig ritaði fundargerð. Einnig sat fundinn varamaðurinn Marínó Jónsson sem gestur.

*Fundur hófst kl. 10:20.*

## Dagskrá.

### 1. Mál - Fundargerðir nefnda og ráða.

- Fræðslu- og menningarnefnd, 18.08.06. Samþykkt að vísa 6. og 7. lið til afgreiðslu sveitarstjórnar.
- Fræðslu- og menningarnefnd, 07.09.06. Afgreiðslu frestað.
- Hafnarnefnd, 19.09.06. Lögð fram.
- Umhverfis- skipulags- og bygginganefndar, 22.09.06. Samþykkt að vísa 1. og 2. lið til umfjöllunar og afgreiðslu í sveitarstjórn.
- Atvinnumálanefnd, 22.09.06. Lögð fram.
- Naust, 25.09.06. Lögð fram.

### 2. Mál - Styrkumsókn vegna hrútagangs í Faxahöll.

Byggðaráð lýsir ánægju sinni með framtakið en treystir sér ekki, að svo stöddu til að styrkja það fjárhagslega.

### 3. Mál - Heilbrigðiseftirlit vegna skoðunar leiksvæða.

Sveitarstjóra falið að leiða tilboða í rekstrar- og aðalskoðun á leiksvæðum barna í sveitarfélaginu, auk þess að svara erindi heilbrigðisfulltrúa.

### 4. Mál - Starfsmannamál.

Lagðir fram ráðningarsamningar Maríu Guðmundsdóttur, Eyrúnar K. Júlíusdóttur, Þórunnar Indriðadóttur, Ólafs Stefánssonar og Sifjar B. Ólafsdóttur. Samþykktir samhljóða. Einnig lagðir fram samningar um skólaaksturs við Krzysztof Krawczyk, Hafliða Jónsson og Unnsteinn B. Árnason, Samþykktir samhljóða.

### 5. Mál - Utanríkisráðuneytið - Ráðstefna um Norðurslóðamál.

Samþykkt að tilnefna Kristinn Pétursson sem fulltrúa Langanesbyggðar í starfhóp um Norðurslóðamál sem fyrirhugað er að setja á laggirnar á vegum utanríkisráðuneytisins. Tilnefningin er háð því að Langanesbyggð eigi kost á fulltrúa í nefndina.

### 6. Mál - UMFL - Styrkbeiðni.

samþykkt að styrkja UMFL um kr. 120.000,- vegna þjálfunar hjá UMFL í júní – ágúst 2006..

## 7. Mál - Samorka - Umsögn um frumvarp til skipulagslaga.

Samþykkt að vísa efninu til kynningar í umhverfis- skipulags- og bygginganefnd.

## 8. Mál - Óskar J.Sandholt - Sameining grunnskóla 1996 – 2006.

Erindinu vísað til fræðslu- og menningarnefndar til afgreiðslu.

## 9. Mál - Leiguíbúðir.

Samþykkt að auglýsa Pálmholt 5 og 8 lausar til útleigu að afloknum endurbótum.

## 10. Mál - Umsókn í styrktarsjóð EBÍ.

Gögn sem send voru sjóðnum lögð fram til kynningar.

## 11. Mál - Flugmálastjórn Íslands - Bakkafjarðarflugvöllur - Úttektarskýrsla.

Sveitarstjóra falið að undirrita gögn í tengslum við úttekt Bakkafjarðarflugvallar.

## 12. Mál - Nefndir og ráð.

Samþykkt að fela sveitarstjóra að kanna nauðsyn þess að sveitarfélagið verði áfram aðili að héraðsskjalasafni yfir höfuð.

## 13. Mál - Þjónustumiðstöð - Staða mála.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir stöðu mála og kom m.a. fram að stutt er í land með samning við Flugmálastjórn og væntingar eru um að samningaviðræður hefjist fljótlega við Vegagerðina.

## 14. Mál - Fyrirhugaðar uppsagnir starfólks Ratsjárstofnunnar á Gunnólfsvíkurfjalli.

Byggðaráð Langanesbyggðar mótmælir þeirri harkalegu aðför stjórnvalda að þróun atvinnulífs á landsbyggðinni sem felst m.a. í áformum stjórnar Ratsjárstofnunnar um að segja upp fimm af átta starfsmönnum fyrirtækisins á Gunnólfsvíkurfjalli og bjóða hluta þeirra að starfa áfram hjá því í viðhaldsdeild þess á Miðnesheiði.

Það að leggja niður hátæknistörf á svæðum á landsbyggðinni, sem hafa átt undir högg að sækja atvinnulega, og flytja þau á svæði sem einkennast af mikilli þenslu í atvinnulífinu hlýtur að vekja upp spurningar um það hvort stjórnvöld hafi í raun vilja til að stuðla að þróun og viðhaldi byggðar utan höfuðborgarsvæðisins.

Byggðaráð Langanesbyggðar skorar á ríkisstjórn Íslands og Alþingi að beita sér fyrir því að þessi ákvörðun verði dregin til baka þegar í stað. Þess í stað verði kannað hvort ekki sé grundvöllur fyrir því að efla starfsemi stöðvanna á landsbyggðinni eða sambærilega starfsemi í þeirra stað.

## 15. Önnur mál.

Bráðabirgðaákv. v/ gatnagerðargjalda  
Samþykkt að mæla með framlengingu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:55.

Björn Ingimarsson, ritari.

